

Lokaverkefni - Greinagerð

Ég gerði verkefni sem fjallar um Víkinga og Norrænu menningu okkar. Ég málaði 3 myndir sem einkenna þrjá víkinga sem mér finnst áhugaverðir og fjallaði ég aðeins um þá í leiðinni. Ég hef mikinn áhuga á gömlu menninguni okkar og hvernig Ísland var upprunalega fundið.

Víkingarnir þrír sem ég valdi fyrir verkefnið eru mjög fjölbreyttir.

Fyrstur var Hrafnaflóki, Norskur víkingur sem silgdi til Íslands með 3 hrafna sér með í för. 1. Hrafnninn flaug til Færeyja, 2. Hrafnninn flaug upp og beint aftur um borð en 3. Hrafnninn flaug fram undan stafni og snéri ekki til baka. Þá vissi hann að hann væri að nálgast Ísland. Fjölskyldan hans fylgdi honum alla þessa leið en konan hans hét Gró og börn hans tvö hétu Oddleifur og Þjóðgerður. Við Hjaltlandseyjar drukknaði dóttir hans.



Annar víkingurinn er Haraldur Hárfagri. Hann var konungur Noregs á landnámsöld og er hans getið í mörgum Íslendingasögum. Valdabaráttan hans er sögð hafa verið ein margra ástæðna afhverju Ísland, ásamt öðrum eyjum, hafa verið fundnar. Ekki er margt vitað um hans líf en hann átti 3 konur: Ragnhildi Eiríksdóttur, Ásu Hákonardóttur og Snæfríði Svásadóttur. Eignaðist hann mörg börn með þessum konum en ekki eru til traustar heimildir um þau öll. Við vitum hinsvegar að hann átti þau í tugatali og vitað er að Eiríkur Blóðöx Haraldsson sé sonur hans vegna þess að hann tók yfir ríki Hárfagra þegar hann lést.

Þriðji og seinasti víkingurinn er Eiríkur *blóðöx* Haraldsson. Hann var sonur Haralds hárfagra og samkvæmt *Heimskringlu* drap Eiríkur alls fimm af sínum bræðrum. Hann þórri óvæginn og illa liðinn. Hann fékk nafnið Blóðöx eftir að hann drap bræður sína ásamt fylgimönnum þeirra. Nokkrum árum eftir að Eiríkur tók við völdum kom hálfbróðir hans, Hákon Aðalsteinsfóstri, til Noregs frá Englandi. Eiríkur flúði land til Englands og ríkti þar sem konugur Norðymbralands og sat í Jórdvík milli 947-48 og aftur 952-54.



Verkefnið mitt fór frekar hægt af stað. Ég þurfti að skaffa mér efni sjálf og tók það sinn tíma að koma til mín frá Reykjavík. Ég þurfti að finna „references“ fyrir málverkin sjálf, skissa allt upp á strigan og útpæla allt sem ég var að fara að gera áður en ég gat byrjað. Ég byrjaði á Hrafna-Flóka en fyrir þá mynd valdi ég að mála hrafnana hans 3 sem voru með honum í för þegar hann sigldi til Íslands. Mér finnst þeir vera mjög táknrænir fyrir hann og er ég mjög ánægð með myndina. Önnu myndin sem ég gerði var af Haraldi Hárfagra. Það er andlitsmynd af honum og var hún mjög flóknari en myndin af hröfnunum því hún er í lit, þanngi ég þarf að pæla mun meira í litasamsetningu og skyggingu. Þetta var í fyrsta skipti sem ég málaði manneskju í lit og tel ég að mér hafi tekist það frekar vel. Hann er frekar loðinn en hann var ekki kallaður Hárfagri að ástæðu lausu. Ég vann þessa mynd mikið í vinnustofunni hjá Hafsteini í Sigfúsarhúsinu og er ég mjög ánægð með að hafa fengið góða leiðbeiningu fyrir mína fyrstu andlitsmynd/málverk. Ég hafði mjög gaman að því að prófa mig áfram í þessari mynd og fara út fyrir þægindarramman. Þriðja myndin sem ég málaði var táknræn fyrir Eirík Blóðöx Haraldsson. Ég ákvað að mála blóðuga öxi fasta í drumbi vegna þess að hann drap fimm bræður sína með slíku vopni í valdabaráttu. Ég vildi ekki gera meira en eina andlitsmynd vegna þess að ég er ekki komin á þann stað að ég sér örugg með mig á því sviði.

Ég er í heild sinni mjög ánægð með verkefnið mitt og er ég mjög þakklát fyrir leiðbeinanda minn, Hafstein, en hann hefur sýnt mér mikinn skilning og stuðning í öllu þessu ferli. Það er mjög þæginglegt að hafa einhvern á bakvið sig sem veit hvað hann syngur. Mér fannst mjög þæginglegt að geta mætt til hans í vinnustofu heima hjá honum og unnið þar í friði með hann sem hjálparhönd.

Helena Lind Ólafsdóttir
LOKA3VE05 Verkmenntaskóli Austurlands

Kennari : Pjetur St. Arason

Greinagerðamenn Britannica (1998-2020) Britannica.com *Harald I king of Norway*

<https://www.britannica.com/biography/Harald-I-king-of-Norway>

Gunnar Karlsson (16.9.13) Visindavefurinn.is *Var Hrafna-Flóki til í alvöru?*

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=65235>